

Viðnámsmælingar í nágrenni Víkur í Mýrdal
sumarið 1982. Bráðabirgðaniðurstöður

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-82/03

VIÐNÁMSMÆLINGAR Í NÁGRENNI VÍKUR Í MÝRDAL SUMARIÐ 1982.

Bráðabirgðaniðurstöður.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Hvammshrepps í bréfi dags. 21. júní 1982, lét Orkustofnun í ágústmánuði síðastliðnum gera nokkrar viðnámsmælingar í nágrenni við Vík í Mýrdal. Tilgangur mælinganna var að kanna, hvort einhver staður væri öðrum efnilegri til borunar eftir heitu vatni í nágrenni Víkur. Orkustofnun hafði þó bent á í bréfi dags. 7. apríl 1981 að aðstæður í Vík væru slíkar að líkur á árangri af mælingunum væru fremur litlar, en einnig að þetta væri eina mæliaðferðin sem gagn gæti verið í við jarðhitaleit í Vík.

Viðnámsmælingar gefa upplýsingar um eðlisviðnám bergsins en það er einkum háð vatnsinnihaldi bergsins, hitastigi og seltu jarðvatnsins. Niðurstöður hitastigulsborana í Vík og víða í Rangárvallasýslu hafa sýnt að jarðvatn er alls staðar mjög salt á þessum slóðum. Afleiðing þess er að eðlisviðnám bergsins er þarna víðast fremur lágt. Við það er þó einn kostur. Þar sem jarðvatn er fremur salt er eðlisviðnám bergsins mjög háð hitastigi. Þetta þýðir að staðbundinn hár hitastigull eða falið jarðhitakerfi ætti að koma fram sem staðbundið lágviðnámsfrávik.

Alls voru gerðar 8 mælingar í nágrenni við Vík í sumar (FD 2-3 og FH 1-6). Fjórar þeirra eru á sniði til norðurs frá Vík en aðrar austar og vestar. Staðsetning mælinganna er sýnd á meðfylgjandi mynd. Lokaúrvinnslu mælinganna er ekki lokið en bráðabirgðaniðurstöður liggja fyrir. Vestan Víkur, í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi, er djúpviðnám um 40-50 Ω m, sem er svipað og mælist enn vestar undir Eyjafjöllum. Norður af Vík er djúpviðnámið 50-70 Ω m og virðist það lækka lítillega í átt til sjávar (vegna aukinnar seltu). Austan Víkur, í Kerlingardal, er djúpviðnám um 70 Ω m.

Í stuttu máli sagt, niðurstöður eru mjög svipaðar allsstaðar þar sem mælt var og svipaðar því sem búist var við fyrirfram. Engar upplýsingar komu fram sem benda til að einn staður sé öðrum efnilegri til borunar eftir heitu vatni og raunar má segja að niðurstöðurnar segi til um, að lítil sem engin von sé um árangur áframhaldandi jarðhitaleitar fyrir Vík í Mýrdal.



Staðsetning viðnámsmælinga
 í Hvalmshreppi og Dyrhólahreppi,
 Vestur - Skaftafellssýslu.

ISG